

# SAMÞYKKT

## um hunda- og kattahald í Eyjafjarðarsveit.

### Hundahald.

#### 1. gr.

Hundahald í Eyjafjarðarsveit sætir eftirtöldum takmörkunum:

- a) Skyld er að skrá alla hunda í Eyjafjarðarsveit, þar með talda hunda á lögbýlum, á skrifstofu sveitarfélagsins.
- b) Óheimilt er með öllu að láta hunda ganga lausa í þéttbýlinu við Hrafnagil og Kristnes, nema minkahunda og sporhunda, þegar þeir eru í störfum í gæslu eigenda eða umráðamanna. Hundahald er óheimilt í íbúðarhúsnæði í eigu sveitarfélagsins, nema með sérstöku leyfi sveitarstjóra.  
Eigi er heimilt að hafa með sér hunda, þó í taumi séu, inn í skólahús, leikskóla, heilbrigðisstofnanir og starfsstöðvar hverju nafni sem nefnast, þar sem úrvinnsla, meðferð, og/eða geymsla matvæla á sér stað.
- c) Hundaeigendur skulu sjá svo um að hundar valdi ekki hættu eða verði mönnum til óþæginda.  
Skilyrði fyrir hundahaldi í sambýlishúsum er að allir íbúðareigendur samþykki slíkt og skal leggja fram skriflegt samþykki þar um við skráningu hunds.
- d) Til að standa straum af kostnaði er leiðir af skráningu, hreinsun og eftirliti með hundum í sveitarfélaginu, skal hver hundaeigandi greiða árlegt gjald fyrir hvern einstakan hund til sveitarsjóðs. Gjaldið skal greiða við hreinsun hundsins.  
Upphæð gjaldsins skal ákveðin í gjaldskrá sem umhverfisráðherra staðfestir.  
Fyrir hunda, sem blindir menn og sjónskertir þurfa á að halda vegna fötlunar sinnar, skal ekkert gjald greiða.
- e) Sé hundaeigandi undir 18 ára aldri verður honum eigi veitt leyfi til hundahalds nema forráðandi ábyrgist allar skyldur hans, samkvæmt samþykkt þessari, og áriti sérstaka yfirlýsingu þess efnis.

#### 2. gr.

Fyrir minni háttar brot á samþykkt þessari skal hundaeigandi sæta skriflegri áminningu og greiða allan kostnað er leiðir af brotinu. Ef um ítrekað brot er að ræða, eða meiri háttar brot hefur hundaeigandi fyrirgert rétti sínum til að halda hund í Eyjafjarðarsveit. Skal hundaeigandi gjalda allan kostnað vegna brotsins og afhenda hund sinn til lögreglu sem ákveður hvað gert skuli við hundinn.

#### 3. gr.

Heilbrigðisnefnd, eða aðili á hennar vegum, lögreglustjóri (hrepstjóri) og sveitarstjórn hafa eftirlit með hundum samkvæmt samþykkt þessari í samstarfi við Heilbrigðiseftirlit Eyjafjarðar. Kærur vegna meintra brota, á samþykkt þessari, skulu berast þessum aðilum.

#### 4. gr.

Allir flækingshundar sem ekki eru í fylgd með eiganda eða umráðamanni, skulu teknir úr umferð. Á það jafnt við um hunda sem skráðir eru í Eyjafjarðarsveit sem og aðkomuhunda. Gefi eigandi sig ekki fram og/eða vitji hundsins innan 7 daga hefur lögreglan heimild til að lóga hundinum í samræmi við ákvæði laga nr. 15/1994 um dýravernd á kostnað hundaeiganda.

Hunda sem ráðast á menn eða skepnur skal fjarlægja og er heimilt að lóga þeim þegar í stað.

### **Kattahald.**

#### 5. gr.

Sveitarstjórn er heimilt í samráði við heilbrigðisnefnd að takmarka kattahald, ef þess er talin brýn þörf að mati heilbrigðisnefndar, heilsugæslulæknis eða viðkomandi héraðs-dýralæknis. Þannig getur sveitarstjórn t.d. takmarkað fjölda fullorðinna katta á heimili við ákveðna hámarkstölu, ef ástæða þykir til.

### **Annað.**

#### 6. gr.

Með brot á samþykkt þessari skal fara samkvæmt ákvæðum laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

#### 7. gr.

Samþykkt þessi sem er samþykkt af sveitarstjórn Eyjafjarðarsveitar staðfestist hér með samkvæmt ákvæðum laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, til þess að öðlast gildi þegar við birtingu.

*Umhverfissráðuneytinu, 31. júlí 1996.*

F. h. r.

**Ingimar Sigurðsson.**

*Sigurbjörg Sæmundsdóttir.*

## **GJALDSKRÁ**

### **vegna hundahalds í Eyjafjarðarsveit.**

#### 1. gr.

Gjald fyrir að halda hund í Eyjafjarðarsveit, sbr. staflið d, 1. gr. samþykktar frá 31. júlí 1996 um hunda- og kattahald í Eyjafjarðarsveit, skal vera kr. 2000 á ári.

#### 2. gr.

Gjaldskrá þessi sem er samin og samþykkt af sveitarstjórn Eyjafjarðarsveitar staðfestist hér með samkvæmt 18. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit til þess að öðlast þegar gildi.

*Umhverfissráðuneytinu, 31. júlí 1996.*

F. h. r.

**Ingimar Sigurðsson.**

*Sigurbjörg Sæmundsdóttir.*